



149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 1238 — 778. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Reykjavík 10. maí 2019

Frumvarp til laga

um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða.

Athugasemdir við frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða.

(Athugasemdirnar eru að miklu leyti byggðar á fyrri athugasemdum frá árinu 2018).

Ferðaklúbburinn 4x4 fagnar frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og telur að ef vel tekst til getur þetta orðið mikið gæfuspor. Á sama tíma höfum við áhyggjur af lærdómi fyrri gjörða við stofnun og rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs og óttumst að lærdómurinn skili sér ekki til nýrra stofnunar að fullu.

Ferðaklúbburinn 4x4 hefur staðið vörð um ferðafrelsi, náttúruvernd og góða umgengni á hálendi Íslands undanfarin 35 ár. Klúbburinn hefur staðið fyrir fræðslu og kynningum á umgengni við náttúruna, stikanir á hálendinu, landbætur og verið í samvinnu við ýmis náttúruverndarsamtök og yfirvöld. Ferðaklúbburinn 4x4 er einn af máttarstólpum Samtaka Útivistarfélaga (SAMÚT).

Ferðaklúbburinn 4x4 gerir eftirfarandi athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun:

Í 11 grein er kveðið á að forstjóri skuli hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Það teljum við óþarflega íþyngjandi því menntun og hæfni manna er ekki bundin við menntun á háskólastigi.

Í 15. Grein um stjórn náttúruverndarsvæða er tilgreint að ráðherra skipi í stjórn.

Við teljum eðlilegt útivistarfélög eigi fulltrúa í stjórn náttúruverndarsvæða. Að framansögðu teljum við jafnframt eðlilegt að ráðherra leiti til SAMÚT samtaka útivistarfélaga um tilnefningu samtakanna á fulltrúa fyrir hönd útivistfélaga.

Í 16. Grein er tekið fram skipan í stjórn Þjóðgarðsins að Þingvöllum. Skipaðir skulu 5 aðilar, fulltrúa sem tilnefndir er af sveitarstjórnnum, fulltrúa Þingvallanefndar, umhverfissamtaka og tveir af ráðherra. Útivistar- og ferðamálasamtök skulu eiga áheyrnaraðild.

Við teljum algjörlega óviðunandi að útivistarsamtök eigi ekki fulla aðild að stjórn þjóðgarðsins á Þingvöllum í samræmi við umhverfissamtök.



Í 17. Grein er stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs skipuð sjö fulltrúum. Fjórir fulltrúar sveitafélaga, einn skipaður af umhverfisverndarsamtökum, og tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra. Útivistar- og ferðamálasamtök hafa einungis áheyrnaraðild.

Við teljum algjörlega óviðunandi að útivistarsamtök eigi ekki fulla aðild að stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs í samræmi við umhverfissamtök.

Í 18. Grein er í stjórn Snæfellsjökulsþjóðgarðs skipuð 5 manna stjórn, þrír frá sveitastjórnunum, einn tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum og einn skipaður af ráðherra. Útivistar- og ferðamálasamtök hafa einungis áheyrnaraðild.

Við teljum algjörlega óviðunandi að útivistarsamtök eigi ekki fulla aðild að stjórn Snæfellsjökulsþjóðgarðs í samræmi við umhverfissamtök.

Í Grein 23, Þjóðgarðsverðir.

Við teljum að einn þjóðgarðsvörður eigi að vera í Vatnajökulsþjóðgarði eins og öðrum þjóðgörðum, til að valdskipting sé á hreinu.

Í 26. grein um Stjórnunar- og verndaráætlun er tekið á um meginstjórnntæki þjóðgarða.

Þar ítrekum við aðkomu útivistarsamtaka að ákvarðanatöku sem fullgildir stjórnarmenn með atkvæðarétt.

Í 30 grein er tekið á um dvöl, umgengni og umferð í þjóðgörðum.

Afla skal leyfis þjóðgarðsvarðar til lendingar loftfars innan þjóðgarðs.

Við teljum þetta ákvæði vera of íþyngjandi. Þarna teljum við að verið sé að færa þjóðgarðsvörðum of mikið vald miðað við tilefnið. Við teljum það kalla yfir þá mikla vinnu sem er dýr fyrir samfélagið allt.

Í 33 grein, Leyfisveitingar.

Í þessa grein vantar tilfinnanlega að setja reglur um utanumhald um leyfðan utanvegaakstur.

Það vantar að bændur og leitarmenn ættu að tilkynna til þjóðgarðs um leitir, leitarsvæði og fjölda þeirra sem þátt taka. Þetta ætti einnig við um lögreglu og Björgunarsveitir sem gætu upplýst um ferðir þeirra við leitar og björgunarstörf. Með þessu væri hægt að skrásetja eða hafa utanumhald um leyfðan utanvegaakstur innan þjóðgarða.



35. grein. Meginstarfsstöðvar og þjónustustöðvar.

Í þessari grein fögnum við fyrirhugaðri uppbyggingu fyrir ferðamenn og þeirri þjónustu sem áætlað er að veita. Einnig teljum við að Gestastofur minnki álag á ýmis svæði, þar sem við teljum að straumur ferðamanna verður meiri í gestastofurnar til að fá fræðslu og leiðbeiningar.

Í 35 grein, um eftirlit og að þjóðgarðsvörður geti vísað fólki úr þjóðgarði.

Við teljum það alls ekki í verkahring þjóðgarðsvarðar að framfylgja lögum eins og hann væri lögreglumaður. Ef brotin eru lög eða reglugerð þessi ber þjóðgarðsverði eða starfsmanni þjóðgarðsins að kalla til lögreglu sem framfylgir lögum þessum. Valdbeiting þjóðgarðsvarðar á aldrei að eiga sér stað, það grefur undan trúverðugleika embættisins.

Ég undirritaður fyrir hönd Ferðaklúbbsins 4x4 lýsi mig og klúbbinn tilbúinn til viðræðna um nánari útskýringar fyrir þingmönnum varandi atriði sem nefnd eru í skjali þessu.

Ferðaklúbburinn 4x4 hefur stutt hækkun verndargildis um leið og við styðjum við ábyrga ferðamennsku, ferðafrelsi, á hálendi Íslands Við höfum ávallt horft til að vandað verði til undirbúnings og til þess þarf víðtæka sátt og samráð og erum við ávallt tilbúin til skrafs og ráðagerðar.

Fh. Ferðaklúbbsins 4x4

Sveinbjörn Halldórsson

formaður Ferðaklúbbsins 4x4